

Efni: Samantekt varðandi umfjöllunum tillögu BF um samskiptareglur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Garðabæjar við trúar- og lífsskoðunarfélög.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 6. nóvember 2014 lagði Björt framtíð fram eftirfarandi tillögu:

„Björt framtíð leggur til að bæjarstjórn samþykki reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Garðabæjar við trúar- og lífsskoðunarfélög.“

Greinargerð:

Hlutverk skóla bæjarins er að fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu sett í þá aðstöðu að þurfa gera grein fyrir lífsskoðunum sínum. Kvartanir hafa borist frá foreldrum barna í einum leikskóla bæjarins þar sem trúboð er stundað í leikskólanum. Prestur kemur í heimsókn einu sinni í mánuði og einu sinni í viku eru helgistundir í leikskólanum með leikskólakennurum.

Bæjarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til bæjarráðs.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 18. nóvember 2014 var tillagan tekin til meðferðar og samþykkt að vísa henni til umfjöllunar skólanefndar grunnskóla, leikskólanefndar, ungmennaráðs og mannréttinda- og forvarnanefndar.

Tillagan hefur verið tekin til meðferðar í ofangreindum nefndum.

Mannréttinda- og forvarnanefnd (03.12.2014)

Formaður og formaður skólanefndar fá upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í grunn- og leikskólum Garðabæjar.

Skólanefnd grunnskóla (20.02.2015)

Skólanefnd leggur til að samskipti skóla og trúfélaga séu í samræmi við tillögur menntamálaráðuneytis frá 4.okt. 2012 um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum.

Leikskólanefnd (05.12.2014)

Tillaga Bjartrar framtíðar um gerð reglna um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Garðabæjar við trúar- og lífsskoðunarfélög sem bæjarráð vísaði til nefndarinnar rædd. Leikskólanefnd telur að skólar í Garðabæ eigi að taka mið af viðmiðunarreglum þeim sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa sett í samráði við Heimili og skóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, Siðmennt, Biskupsstofu og Kennarasamband Íslands.

Leikskólafulltrúa falið að hafa reglurnar aðgengilegar í leikskólum og á heimasíðu Garðabæjar.

Ungmennaráð (15.01.2015)

Beiðni frá bæjarráði um að fjalla um tillögu Bjartrar framtíðar um að settar verði reglur um samskiptiskóla við trúar- og lífsskoðunarfélög. Ráðið tók jákvætt í þessa hugmynd frá BF, vill að þessi mál séu skoðuð og vinnulag hjá skólum og leikskólum innan bæjarins verði samræmt. Fulltrúar tóku samt fram að þeir vilji ekki að kirkjuferðir verði bannaðar, og að þeir myndu gjarnan vilja taka þátt í vinnu að slíkum reglum ef mögulegt er. Bent var á að kenna mætti meira/betur um trúarbrögð til að minnka vanþekkingu og þar með fordóma, en að kennslan þarf að vera gerð áhugaverð og henta aldri barnanna. Gott væri að kenna fyrst á yngra stigi og svo aftur t.d. á unglingastigi.

Tillaga um afgreiðslu:

Lagt er til að reglur Garðabæjar um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Garðabæjar við trúar- og lífsskoðunarfélög verði samhljóða reglum sem mennta- og menningarráðuneytið hefur samþykkt

1. Leggja ber áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í fjölmenningsarsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.
Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu. Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.
2. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristinnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og framhaldsskóla þar sem það á við.
3. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.
Um almenna kynningu eða auglýsinga á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.